

## 21. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

### 1. gr.

Aftan við 82. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 komi ný málsgr., svo hljóðandi:  
Vixilmál og tékka má sækja í þinghá, þar sem greiðslustaður vixilsins eða tékkans er. Nú er vixill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í vixilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er banki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### Fylgiskjal.

#### Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að í lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, vanti nægileg ákvæði um varnarþing í vixilmálum og tékka. Með skirskotun til þessa teljum Vér, að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um það efni. Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

### 1. gr.

Aftan við 82. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 komi ný málsgr., svo hljóðandi:  
Vixilmál og tékka má sækja í þinghá, þar sem greiðslustaður vixilsins eða tékkans er. Nú er vixill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í vixilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er hanki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 30. desember 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*